



9. mars. 2021
Tilv.: 20102219

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 151. löggjafarþing, 162. mál


Með tölvupósti dags. 24. febrúar 2021 óskaði efnahags- og viðskipta-nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp. Seðlabankinn sendi umsögn um hliðstætt frumvarp (á 150. löggjafarþingi, 158. mál.) 11. mars 2020.


Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á innheimtulögum. Nánar tiltekið er lagt til að lögaðilar í eigu lögmanna og lögmansstofa hafi ekki lengur heimild til að stunda innheimtu fyrir aðra nema að fengnu innheimtuleyfi. Tilgangurinn er að tryggja að aðilar komist ekki hjá starfsleyfisskyldu með því að skráðir eigendur þeirra séu lögmenn og eins til að jafna samkeppnisstöðu innheimtuaðila.

Seðlabanki Íslands vekur athygli á að með breytingum á innheimtulögum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/2018, voru tekin af öll tvímæli um hverjir fari með eftirlit með innheimtustarfsemi lögaðila í eigu lögmanna. Sambærilegt ákvæði hefur auk þess verið í reglum um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum frá árinu 2008, sbr. 2. gr. núgildandi reglna nr. 981/2016. Seðlabankinn telur því ljóst að lögaðilar í eigu lögmanna eða lögmansstofa séu undir eftirliti að því er varðar innheimtustarfsemi og er ósammála því sem sagt er í greinargerð að innheimtuaðilar geti starfað án eftirlits.

Seðlabankinn tekur ekki afstöðu til frumvarpsins að öðru leyti.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastj. lagalegs
eftirlits og vettvangsath.


Guðrún Finnborg Þórðardóttir
forstöðumaður
skrifstofa bankastjóra